Persónuverndar- og öryggisstefna Múltíkúltí

Uppfærð útgáfa – september 2026

1. Persónuverndarstefna

Hver erum við og tilgangur stefnunnar

Múltíkúltí – íslenska ehf. (kt. 440711-0300), Bolholti 6, Reykjavík (hér eftir „Múltíkúltí“ eða „félagið“) er tungumálamiðstöð sem sinnir tungumálakennslu. Múltíkúltí leggur áherslu á vernd persónuupplýsinga og friðhelgi einkalífs. Stefna þessi er sett með hliðsjón af reglugerð (ESB) 2016/679 (GDPR) og lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Markmið stefnunnar er að upplýsa nemendur, tilvonandi nemendur, starfsfólk, verktaka, viðskiptavini og aðra sem eiga samskipti við Múltíkúltí um hvaða persónuupplýsingar eru unnar, í hvaða tilgangi, hverjir hafa aðgang að þeim og hvernig öryggi þeirra er gætt. Múltíkúltí er ábyrgðaraðili þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem fer fram á vegum félagsins.

Hvaða persónuupplýsingar vinnum við?

Múltíkúltí vinnur fyrst og fremst með upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna skráningar, kennslu, samskipta og reksturs, svo sem nafn, kennitölu, tengiliðaupplýsingar, upplýsingar um námskeið, mætingu og námsárangur eftir því sem við á, auk greiðslu- og reikningsupplýsinga.

Tilgangur og heimildir vinnslu

Félagið safnar aðeins og nýtir upplýsingar sem eru nauðsynlegar og málefnalegar vegna starfseminnar. Vinnsla byggist eftir atvikum á samningi, lagaskyldu, lögmætum hagsmunum félagsins eða samþykki. Þegar vinnsla byggist á samþykki getur einstaklingur afturkallað samþykkið, án þess að það hafi áhrif á lögmæti vinnslu sem þegar hefur farið fram.

Aðgangur og miðlun

Aðgangur að persónuupplýsingum er takmarkaður við þá starfsmenn og verktaka sem þurfa upplýsingarnar vegna starfa sinna. Þeir sem hafa aðgang að trúnaðarupplýsingum eru bundnir trúnaði. Persónuupplýsingum er ekki miðlað til þriðja aðila nema slíkt sé nauðsynlegt vegna laga, samnings, þjónustu við nemanda eða reksturs félagsins. Þetta getur meðal annars átt við um opinbera aðila og samstarfsaðila á borð við Rannís, Vinnumálastofnun og VIRK, þegar við á, auk vinnsluaðila sem veita upplýsingatækni-, bókhalds- eða aðra þjónustu.

Ef vinnsluaðili fær aðgang að persónuupplýsingum skal tryggja viðeigandi samnings- og öryggisráðstafanir. Miðlun persónuupplýsinga utan Evrópska efnahagssvæðisins fer aðeins fram þegar fullnægjandi lagagrundvöllur og verndarráðstafanir eru fyrir hendi.

Öryggi og varðveisla

Múltíkúltí beitir viðeigandi tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum til að verja persónuupplýsingar gegn óleyfilegum aðgangi, breytingu, eyðingu, tapi, afritun eða miðlun. Aðgangur að kerfum og hugbúnaði er takmarkaður og miðast við starfsþörf. Upplýsingar eru varðveittar eins lengi og nauðsynlegt er vegna tilgangs vinnslunnar eða samkvæmt lagaskyldu. Bókhaldsgögn eru varðveitt í samræmi við lögbundinn varðveislutíma.

Réttindi einstaklinga

Einstaklingar geta, eftir því sem persónuverndarlöggjöf kveður á um, óskað eftir upplýsingum um vinnslu persónuupplýsinga sinna, aðgangi að þeim, leiðréttingu, takmörkun vinnslu eða eyðingu og mótmælt vinnslu. Ef ekki er unnt að verða við beiðni vegna lagaskyldu eða réttinda annarra skal viðkomandi upplýstur um ástæðu þess. Einnig er unnt að beina kvörtun til Persónuverndar.

Fyrirspurnum um persónuvernd og nýtingu réttinda skal beina til framkvæmdastjóra Múltíkúltí eða í gegnum opinberar samskiptaleiðir skólans á multikulti.is.

2. Öryggisstefna

Markmið og gildissvið

Markmið öryggisstefnunnar er að tryggja leynd, réttleika og tiltækileika þeirra upplýsinga sem Múltíkúltí hefur í vörslu. Stefnan tekur til upplýsinga á hvaða formi og miðli sem er, kerfa og búnaðar, samskipta, starfsfólks, verktaka, nemenda og þjónustuaðila sem kunna að hafa aðgang að upplýsingum í tengslum við starfsemi félagsins.

Meginreglur um upplýsingaöryggi

- Upplýsingar skulu vera réttar og tiltækar þeim sem hafa heimild til aðgangs.
- Trúnaðarupplýsingar skulu vera óaðgengilegar óviðkomandi og verndaðar gegn óheimilli notkun, miðlun, skemmdum eða eyðingu.
- Aðgangur að persónuupplýsingum skal takmarkast við starfsþörf og halda skal yfirsýn yfir aðgangsheimildir.
- Viðeigandi afrit skulu vera til af mikilvægum gögnum og kerfum eftir því sem við á.
- Gæta skal sérstakrar varúðar þegar persónuupplýsingar eru sendar með rafrænum samskiptamiðlum.
- Frávik, öryggisbrot eða grun um veikleika skulu tilkynnt framkvæmdastjóra og rannsökuð.
- Áhætta skal metin reglulega og sérstaklega þegar verulegar breytingar verða á starfsemi, kerfum eða vinnslu.
- Starfsfólk, verktakar og þjónustuaðilar skulu upplýstir um viðeigandi öryggis- og trúnaðarkröfur.

Vinnsluaðilar og þjónustukerfi

Þegar utanaðkomandi þjónustuaðilar vinna persónuupplýsingar fyrir hönd Múltíkúltí skal tryggja að viðeigandi vinnslusamningar og öryggisráðstafanir séu til staðar eftir því sem lög krefjast. Val og notkun kerfa skal taka mið af eðli upplýsinganna, aðgangsstýringu, öryggi og varðveislu.

Ábyrgð og endurskoðun

Framkvæmdastjóri Múltíkúltí ber ábyrgð á því að stefnunni sé fylgt og að starfsfólk og verktakar séu upplýstir um þær skyldur sem á þeim hvíla. Stefnan skal endurskoðuð reglulega og þegar meiriháttar breytingar verða á rekstri, kerfum, löggjöf eða meðferð persónuupplýsinga.

Síðast endurskoðað: september 2026.